

2014:1 • 10. október 2014

## Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2013

*Catch, value and processing of catch 2013*

### Samantekt

Árið 2013 var afli íslenskra skipa tæp 1.363 þúsund tonn, 86 þúsund tonnum minni en árið 2012. Aflaverðmæti nam tæpum 153 milljörðum króna og dróst saman um 4,1% frá fyrra ári, eða um 2,2% ef mælt er á föstu verði. Stærsti hluti afla íslenskra fiskiskipa var unninn á Austurlandi, að megninu til uppsjávarafli sem þar var landað. Stærsti hluti botnfiskaflans var unninn á höfuðborgarsvæðinu eða 29,4% og á Suðurnesjum, 19,5%. Verðmæti aukaafurða sem féllu til við vinnslu fiskaflans nam tæpum 5 milljörðum króna á árinu 2013 og jókst um 9,6% frá árinu áður. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti.

Mestur útflutningur var til Bretlands eða um 16,3% af útflutningsverðmæti. Útflutningur til Norður-Ameríku jókst um 15,6% á milli ára. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða jókst um 2,2% frá árinu 2012.

Töflur um afla og aflaverðmæti í þessu hefti byggjast á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem Fiskistofa safnar frá fiskkaupendum, umfjöllun um afla og aflaverðmæti er byggð á vigtarskýrslum og verkun aflans á ráðstöfunarskýrslum. Tölur um útflutningsmagn og útflutningsverðmæti byggjast á gögnum frá embætti Tollstjóra.


### Heildarafla íslenskra skipa

Fiskaflinn var tæp 1.363 þúsund tonn og dróst saman um 5,9% milli ára

Heildarafla íslenskra skipa árið 2013 nam tæpum 1.363 þúsund tonnum og var 5,9% eða 86 þúsund tonnum minni en árið 2012, en þá var hann rúm 1.449 þúsund tonn. Afli botnfisks jókst um 8,3% á milli ára, þar af var aukning í þorskafla um rúm 31 þúsund tonn, ufsafla um rúm 6 þúsund tonn og einnig var aukning í karfaveiðum um tæp 5 þúsund tonn. Samdráttur varð í ýsuveiðum, rúmlega tvö þúsund tonn milli ára og í steinbítsafla um 1224 tonn. Skel- og krabbadýraafli var svipaður og árið áður, um 14 þúsund tonn. Veiði á humri dróst saman um 9,9% milli ára en veiði á rækju jókst um 3,2%.

Samdráttur var í heildarafla uppsjávarfisktegunda um 121.000 tonn, eða rúm 12% frá fyrra ári. Síldarafla dróst saman í magni um 15,1%, loðnuafli um 22,1% og afli norskr-íslenskrar síldar um 20,1% milli ára. Tæp 70% aukning var í kolmunnaafla frá árinu 2012 og makrlafli jókst um 1,2%. Flatfiskafla jókst um 4,9% milli ára og munar þar mestu um aflaaukningu í grálúðuveiðum. Uppsjávarafli nam 63,8% af heildaraflanum, botnfiskafla 33,3%, flatfiskafla 1,9% og afli skel- og krabbadýra var 1%.

**Mynd 1. Heildarafli íslenskra fiskiskipa 1991–2013**  
*Figure 1. Total catch of Icelandic vessels 1991–2013*




### Aflaverðmæti

Aflaverðmæti tærir 153 milljarðar


Aflaverðmæti ársins 2013 voru tærir 153 milljarðar króna á verðlagi þess árs og lækkaði um 6,5 milljarða króna eða 4,1% frá 2012. Aflaverðmæti ársins 2013 á föstu verðlagi miðað við verðvísitölu sjávarafurða var 2,2% hærra en aflaverðmæti fyrra árs.

Mikill munur er á vægi botnfisk- og uppsjávarfisktegunda í aflaverðmæti samanborið við hlutfall í magni. Uppsjávartegundir eru þannig um 64% af aflamagninu, en tæp 30% af verðmæti landaðs afla. Verðmæti botnfisktegundanna er hins vegar rúm 61% af heildarverðmæti þó að magni til séu þær um 33%. Bæði skel- og krabbadýr svo og flatfiskur vega einnig nokkuð meira í aflaverðmæti en magnhlutfallið eitt segir til um.

**Mynd 2. Verðmæti heildarafla 2006–2013 á föstu verðlagi ársins 2013**  
*Figure 2. Value of total catch 2006–2013 at fixed 2013 prices*



**Mynd 3. Hlutfall afla og aflaverðmætis 2013**  
**Figure 3. Proportion of catch and catch value 2013**



**Tafla 1. Aflamagn og meðalverð helstu tegunda og breyting 2012–2013**  
**Table 1. Changes in volume and average price of major species 2012–2013**

	<b>Heildarafla Total catch</b>			Mism.,		Meðalverð		Mism.,	
		Tonn	Tonnes	tonn	Mism., %	Average prices	2012	2013	Diff., %
		2012	2013	Diff., tonnes	Diff., %	2012	2013	Diff., %	Diff., %
<b>Heildarafla Total catch</b>	<b>1.448.548</b>	<b>1.362.790</b>	<b>-85.758</b>		<b>-5,9</b>	<b>109,95</b>	<b>112,09</b>		<b>1,9</b>
<b>Botnfiskur Demersal catch</b>	<b>419.096</b>	<b>453.936</b>	<b>34.840</b>		<b>8,3</b>	<b>233,16</b>	<b>205,10</b>		<b>-12,0</b>
Porskur Cod	204.645	236.051	31.406		15,3	241,9	200,6		-17,1
Ýsa Haddock	47.676	45.471	-2.205		-4,6	256,1	266,0		3,9
Ufsi Saithe	50.985	57.416	6.432		12,6	185,3	170,8		-7,8
Karfi Redfish	55.419	60.373	4.954		8,9	262,3	229,8		-12,4
Úthafskarfi Oceanic redfish	5.940	8.617	2.676		45,1	333,1	248,0		-25,6
<b>Flatfiskafli Flatfish catch</b>	<b>24.062</b>	<b>25.236</b>	<b>1.174</b>		<b>4,9</b>	<b>440,0</b>	<b>389,9</b>		<b>-11,4</b>
Grálúða Greenland halibut	13.762	14.998	1.236		9,0	610,1	519,8		-14,8
Skarkoli Plaice	5.930	5.979	50		0,8	198,0	181,3		-8,4
<b>Uppsjáv.afla Pelagic catch</b>	<b>991.016</b>	<b>869.343</b>	<b>-121.673</b>		<b>-12,3</b>	<b>38,5</b>	<b>41,8</b>		<b>8,6</b>
Síld Herring	77.079	65.407	-11.672		-15,1	64,9	63,1		-2,7
Norsk-íslensk síld									
Atlantic-Scandian herring	115.181	92.039	-23.142		-20,1	83,2	69,7		-16,2
Loðna Capelin	568.759	442.780	-125.979		-22,1	23,8	35,3		48,4
Loðnuhrogn Capelin roe	14.042	8.243	-5.799		-41,3	104,9	87,7		-16,3
Kolmunni Blue whiting	63.995	107.053	43.058		67,3	42,4	28,3		-33,3
Makrill Atlantic mackerel	151.943	153.815	1.872		1,2	95,0	100,1		5,4
<b>Skel- og krabbaafla</b>									
<b>Shellfish catch</b>	<b>14.374</b>	<b>14.275</b>	<b>-99</b>		<b>-0,7</b>	<b>293,4</b>	<b>313,0</b>		<b>6,7</b>
Humar Lobster	1.914	1.724	-190		-9,9	537,1	469,0		-12,7
Rækja Shrimp	10.522	10.857	335		3,2	289,4	328,9		13,6
<b>Annar afla Miscellaneous</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>		<b>100,0</b>	<b>40,7</b>	<b>50,9</b>		<b>25,0</b>

**Tafla 2. Aflaverðmæti helstu tegunda og breyting á milli ára 2012–2013**  
**Table 2. Catch value of major species and changes from previous year 2012–2013**

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2012	2013	Mismunur <i>Difference</i>	Mism., % <i>Diff., %</i>
<b>Heildarverðmæti <i>Total value</i></b>	<b>159.273</b>	<b>152.752</b>	<b>-6.521</b>	<b>-4,1</b>
<b>Botnfiskur <i>Demersal catch</i></b>	<b>97.718</b>	<b>93.104</b>	<b>-4.614</b>	<b>-4,7</b>
Þorskur <i>Cod</i>	49.506	47.341	-2.165	-4,4
Ýsa <i>Haddock</i>	12.212	12.097	-115	-0,9
Ufsi <i>Saithe</i>	9.448	9.805	357	3,8
Karfi <i>Redfish</i>	14.536	13.876	-660	-4,5
Úthafskarfi <i>Oceanic redfish</i>	1.979	2.137	158	8,0
<b>Flatfiskafli <i>Flatfish catch</i></b>	<b>10.587</b>	<b>9.841</b>	<b>-746</b>	<b>-7,0</b>
Grálúða <i>Greenland halibut</i>	8.396	7.796	-600	-7,1
Skarkoli <i>Plaice</i>	1.174	1.084	-90	-7,7
<b>Uppsjávarafli <i>Pelagic catch</i></b>	<b>46.750</b>	<b>45.339</b>	<b>-1.412</b>	<b>-3,0</b>
Síld <i>Herring</i>	5.002	4.129	-873	-17,5
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	9.583	6.418	-3.165	-33,0
Loðna <i>Capelin</i>	13.532	15.635	2.104	15,5
Loðnuhogrn <i>Capelin roe</i>	1.472	723	-749	-50,9
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	2.715	3.029	314	11,6
Makríll <i>Atlantic mackerel</i>	14.433	15.403	970	6,7
<b>Skel- og krabbaafli <i>Shellfish catch</i></b>	<b>4.217</b>	<b>4.468</b>	<b>251</b>	<b>6,0</b>
Humar <i>Lobster</i>	1.028	808	-219	-21,4
Rækja <i>Shrimp</i>	3.046	3.570	525	17,2
<b>Annar afli <i>Miscellaneous catch</i></b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

## Porskur

*Magn og verðmæti borskaflans jókst á milli ára*

Porskaflinn árið 2013 var um 17,3% heildaraflans, eða rúm 236 þúsund tonn, sem er 15,3% aukning frá árinu 2012.

Porskur er verðmætasta aflategundin eins og á síðari árum, en aflaverðmæti porsks nam rúmum 47 milljörðum króna árið 2013 eða um 31% af heildaraflaverðmætinu. Aflaverðmæti porsks dróst saman á milli ára um 2,1 milljarða króna eða 4,4%. Meðalaflaverð porsks lækkaði um 17,1%. Tæplega 66% porskaflans var seldur í beinum viðskiptum, þ.e. þegar útgerð selur milliliðalaust til vinnslustöðvar. Verð í slíkum viðskiptum lækkaði um 17,3% frá árinu 2012, en raunverðslækkun nam 11,8%. Um 15,6% porskaflans fór í sjófrystingu og lækkaði verð þess afla um 21,9% (9,2% raunverðslækkun) milli ára. Verðlækkun varð einnig á milli ára á þorski seldum á innlendum markaði um 13,2% (7,5% raunverðslækkun), en 16,4% porskaflans var seldur á innlendum mörkuðum.


**Tafla 3. Viðskipti með þorsk 2011–2013**  
**Table 3. Cod trading 2011–2013**

	2011	2012	2013
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	117.425	135.587	155.660
% af heildarporskafla <i>% of total cod catch</i>	64,4	66,2	65,9
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg.)</i>	270	253	179
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	11,3	-6,0	-29,2
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	252	238	179
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	5,2	-5,7	-24,6
<b>Sjófryst Frozen at sea</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	32.193	31.550	36.839
% af heildarporskafla <i>% of total cod catch</i>	17,7	15,4	15,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	290	301	222
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	1,0	3,9	-26,1
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	271	259	222
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-26,9	-4,2	-14,2
<b>Innlendir markaðir Trading on domestic markets</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	26.934	32.940	38.693
% af heildarporskafla <i>% of total cod catch</i>	14,8	16,1	16,4
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	355	341	256
Verðbr. frá fyrra ári % <i>Price change from previous year, %</i>	3,6	-4,0	-24,9
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	332	320	256
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	-2,0	-3,7	-20,0

<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2013. *Average price (ISK pr. kg) at 2013 prices.*

**Heimild** Source: Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

**Mynd 4. Porskaflí 1992–2013**  
**Figure 4. Cod catch 1992–2013**



**Mynd 5.** Meðalverð porsks eftir mánuðum 2013

Figure 5. Average price of cod by months in 2013



**Mynd 6.** Veiðarfæraskipting porskafla 1993–2013

Figure 6. Catch of cod by fishing gear 1996–2013



## Ýsa

Samdráttur í bæði magni og verðmæti ýsuaflans

Á árinu 2013 veiddust rúm 45 þúsund tonn af ýsu, sem er um tvö þúsund tonnum minna en árið 2012. Verðmæti ýsuaflans nam rúnum 12 milljörðum sem er 0,9% samdráttur á milli ára. Meðalverð ýsu jókst um 3,9% frá árinu 2012. Tæplega 36% ýsuaflans voru seld í beinum viðskiptum. Á innlenda markaði fór 35,6% af ýsuaflanum og 19,7% var flutt erlendis í gánum. Verð í beinum viðskiptum dróst saman á milli ára um 7% á meðan um 14,1% raunverðshækkun varð samkvæmt verðvísitölu sem var 226 kr./kg árið 2013. Verð á innlenda markaði hækkaði um 4,5% (11,4% raunverðslækkun), fór úr 284 kr./kg í 297 kr./kg, og verð í gáma-viðskiptum jókst um 7,9% (5% raunverðslækkun) frá fyrra ári.


**Tafla 4. Viðskipti með ýsu 2011–2013**  
*Table 4. Haddock trading 2011–2013*

	2011	2012	2013
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	20.679	18.862	16.563
% af heildarýsafla <i>% of total haddock catch</i>	40,3	39,5	36,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	195	211	226
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	10,1	8,7	7,0
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	182	198	226
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	4,1	9,0	14,1
<b>Sjófryst fyrir gámaviðskipti Trading in containers</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	8.423	8.759	8.980
% af heildarýsafla <i>% of total haddock catch</i>	16,4	18,3	19,7
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	273	294	317
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	200,4	7,7	7,9
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	317	302	317
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	187,5	-4,9	5,0
<b>Innlendir markaðir Trading on domestic markets</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	16.998	15.318	16.184
% af heildarýsafla <i>% of total haddock catch</i>	33,1	32,0	35,4
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	263	284	297
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	39,8	7,7	4,5
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	247	266	297
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	32,2	8,0	11,4


<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2013. *Average price (ISK pr. kg) at 2013 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*


**Mynd 7. Ýsuaflí 1992–2013**  
*Figure 7. Haddock catch 1992–2013*



**Mynd 8. Meðalverð ýsu eftir mánuðum 2013**  
*Figure 8. Average price of haddock by months in 2013*



**Mynd 9. Veiðarfæraskipting ýsuafla 1996–2013**  
*Figure 9. Catch of haddock by fishing gear 1996–2013*



## Ufsi

Minna veitt af ufsa en verðmæti eykst

Heildarafla ufsa nam rúnum 57,4 þúsund tonnum sem er aukning um 6432 tonn frá árinu 2012. Aflaverðmæti ufsa jókst um 3,8% frá fyrra ári og nam rúnum 9,8 milljarði króna. Meðalverð ufsa lækkaði um 7,8% miðað við árið áður og var meðalverð á kíló 171 kr. árið 2013. Í beinum viðskiptum voru seld 34,7% aflans og lækkaði verð um 4,9% (1,3% hákkun á raunverði). Um 49,5% ufsaflans voru sjófryst og þar lækkaði verð um 15,2% (1,4% lækkun raunverðs). Af heildarafla ufsa fór 15,6% á innlenda markaði. Meðalverð í þessum viðskiptum dróst saman um 15,7% (10,2% raunverðslækkun) milli ára.


**Tafla 5. Viðskipti með ufsa 2011–2013**  
**Table 5. Saithe trading 2011–2013**


	2011	2012	2013
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	22.023	22.275	19.923
% af heildarufsafla % of total saithe catch	43,6	43,7	34,7
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	116	135	128
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	11,3	16,5	-4,9
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	108	127	128
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	5,3	16,8	1,3
<b>Sjófryst Frozen at sea</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	20.820	19.879	28.401
% af heildarufsafla % of total saithe catch	41,2	39,0	49,5
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	250	243	206
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	19,8	-2,8	-15,2
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	234	209	206
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	0,7	-10,4	-1,4
<b>Innlendir markaðir Trading on domestic markets</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	6.707	8.321	8.943
% af heildarufsafla % of total saithe catch	13,3	16,3	15,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	179	181	152
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	8,3	1,0	-15,7
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	167	169	152
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	2,4	1,3	-10,2

<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2013. *Average price (ISK pr. kg) at 2013 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

**Mynd 10. Ufsaafli 1992–2013**  
**Figure 10. Saithe catch 1992–2013**




**Mynd 11. Meðalverð ufsa eftir mánuðum 2013***Figure 11. Average price of saithe by months in 2013*

## Karfi

Karfaafli jókst um 8,9 % en verðmætið lækkaði um 4,5%

Karfaaflinn jókst um 8,9% frá árinu 2012 og var tær 60,3 þúsund tonn árið 2013. Aflaverðmæti voru tærir 14 milljarðar sem er 4,5% samdráttur frá fyrra ári. Meðalverð voru tærar 230 kr/kg og lækkaði það um 12,4% milli ára. Stærsti hluti karfans var sjófrystur eða 59,4% og lækkaði verð á sjófrystum karfa um 17,1% (3,7% raunlækkun), fór raunverðið í 232 kr./kg. Af karfaaflanum voru 22,6% afluð seld í beinum viðskiptum og 9,6% karfans fór í gámaviðskipti. Verð í beinum viðskiptum lækkaði um 2,8% (3,6% raunhækkun) og verð í gámaviðskiptum lækkaði um rúm 1,7% (4,9% raunhækkun á milli ára).

**Mynd 12. Karfaafli 1992–2013***Figure 12. Redfish catch 1992–2013*

**Tafla 6. Viðskipti með karfa 2011–2013**  
**Table 6. Redfish trading 2011–2013**


	2011	2012	2013
<b>Bein viðskipti Direct trade</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	13.077	12.365	13.631
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	23,0	22,3	22,5
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	180	181	176
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	16,4	0,2	-2,8
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	169	170	176
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	10,1	0,5	3,6
<b>Í gáma til útflutnings Trading in containers</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	6.514	5.955	5.806
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	11,5	10,7	9,6
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	341	354	348
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	25,8	3,8	-1,7
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	285	332	348
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	22,4	16,4	4,9
<b>Sjófryst Frozen at sea</b>			
Magn (tonn) <i>Quantity (tonnes)</i>	32.708	32.851	35.856
% af heildarkarfaafla <i>% of total redfish catch</i>	57,6	59,2	59,3
Verð (kr./kg) <i>Price (ISK pr. kg)</i>	287	279	232
Verðbr. frá fyrra ári, % <i>Price change from previous year, %</i>	27,4	-2,5	-17,1
Raunverð <sup>1</sup> <i>Real price (ISK pr. kg)<sup>1</sup></i>	268	241	232
Breyting milli ára, % <i>Change from previous year, %</i>	7,1	-10,2	-3,7

<sup>1</sup> Raunverð (kr./kg) fært yfir á fast verðlag ársins 2013. *Average price (ISK pr. kg) at 2013 prices.*

**Heimild** *Source:* Vigtarskýrslur. *Weight reports.*

**Mynd 13. Meðalverð karfa eftir mánuðum 2013**

*Figure 13. Average price of redfish by months in 2013*



## Úthafskarfi

Veiði á úthafskarfa jókst  
Nokkuð á milli ára

Aflí úthafskarfa jókst um 45,1% á milli ára og nam rúnum 8.600 tonnum samanborið við 5.940 tonn árið 2012. Aflaverðmætið nam rúnum 2 milljörðum sem er aukning um 8% frá fyrra ári. Allur veiddur úthafskarfi var frystur um borð.


## Grálúða

Vægur samdráttur í grálúðuafla

Grálúðuaflinn var tæplega 15 þúsund tonn árið 2013 sem er 9% aukning frá árinu 2012. Heildarverðmæti grálúðuaflans nam tæpum 7,8 milljörðum sem er 7,1% lækkun frá árinu áður. Um 93% veiddrar grálúðu fór í sjófrystingu en rúmlega 5% í verkun innanlands.

### Mynd 14. Grálúðuafli 1992–2013

Figure 14. Greenland halibut catch 1992–2013




## Rækja

Aukning í rækjuafla

Rækjuafli á árinu 2013 var rúm 10,8 þúsund tonn sem er 3,2% aukning frá fyrra ári þegar rækjuafli var 10,5 þúsund tonn. Aflaverðmæti rækju var um 3,5 milljarður króna samanborið við þjrá milljarða árið 2012. Tæp 80% rækjuafans var aflað til verkunar innanlands á meðan um 20% aflans var frystur um borð í skipi.

### Mynd 15. Rækjuafli 1992–2013

Figure 15. Shrimp catch 1992–2013



### Síld

#### Samdráttur í afla og aflaverðmæti síldar

Síldaraflanum er hér skipt annars vegar íslenska sumargotssíld og hins vegar norsk-íslenska síld. Rúm 65,4 þúsund tonn veiddust af íslensku sumargotssíldinni sem er um 11,6 þúsund tonnum minna en árið 2012. Aflaverðmæti minnkaði um 17,5% og nam það rúmum 4,1 milljörðum króna árið 2013.


### Norsk-íslensk síld

#### Aflasamdráttur í norsk-íslenskri síld milli ára


Afli norsk-íslensku síldarinnar var rúmlega 92 þúsund tonn, sem er 23 þúsund tonnum minna en árið 2012, eða 20,1% aflasamdráttur. Aflaverðmætið nam u.p.b. 6,4 milljörðum króna sem er 33% minna en á árinu 2012.

### Mynd 16. Síldaraflfi 1991–2013

Figure 16. Herring catch 1991–2013



**Mynd 17. Veiðarfæraskipting síldarafla 1993–2013<sup>1</sup>**  
*Figure 17. Catch of herring by fishing gear 1993–2013<sup>1</sup>*




<sup>1</sup> Síld og norsk-íslensk síld. *Herring and Norwegian spring-spawning herring.*

## Loðna

### Aukning varð í loðnuafla

Loðnuafli var tæplega 443 þúsund tonn á árinu 2013 samanborið við tæp 569 þúsund tonn árið 2012. Magn landaðra loðnuhrogna nam rúmlega 8 þúsund tonnum en var rúmlega 14 þúsund tonn árið 2012. Aflaverðmæti loðnu var á árinu 2013 rúmir 15,6 milljarðar á móti 13,5 milljörðum króna árið 2012. Verðmæti loðnuhrogna árið 2013 nam rúmum 0,7 milljörðum króna, samanborið við 1,4 milljarða árið áður.

**Mynd 18. Loðnuafli (loðna og loðnuhrogna) 1991–2013**  
*Capelin catch (capelin and capelin roe) 1991–2013*




## Annar uppsjávaraflí

Aukning í makrílafla og í veiðum  
á kolmunna

Makrílaflinn var tæp 154 þúsund tonn, sem er tæplega 2 þúsund tonna aukning frá árinu 2012. Aukning í verðmæti makrílaflans varð 6,7%, og var árið 2013 rúmlega 15,4 milljarðar króna. Kolmunnaaflinn var um 107 þúsund tonn sem er mikil aflaukning frá tæplega 64 milljón tonnum sem veiddust árið 2012. Aflaverðmæti kolmunnans var um 3 milljarðar króna, sem er aukning um 11,6% frá 2012. Engin gulldepla veiddist árið 2013, en sú fisktegund hafði gefist vel á síðustu árum.

**Mynd 19. Annar uppsjávaraflí 1997–2013**

Figure 19. Other pelagics 1997–2013



## Aflí eftir kvótaflokkum skipa

Skip með aflamark veiddu  
56,4% heildaraflans

Skip með aflamark lönduðu tæplega 769 þúsund tonnum árið 2013 sem er 56,4% af heildarafla ársins. Það er um 6,5% minni aflí aflamarksskipa en á árinu 2012. Botnfiskafli skipanna var rúmlega 135 þúsund tonn eða um 30% af afla botnfishs, þar af var þorskaflí þeirra rúm 81,6 þúsund tonn eða 34,6% heildarporskaflans. Flatfiskafli nam tæpum 10,1 þúsund tonnum sem er 39,9% heildarflatfiskafla. Hlutdeild skipa með aflamark í uppsjávarafla var 70,67% en 68,6% skel- og krabbadýraflans.

Togarar veiddu u.p.b.  
37% heildaraflans

Skip í kvótaflokknum togarar veiddu 36,8% heildaraflans árið 2013 eða sem nam 502,3 þúsund tonnum sem er um 8,5% minnkun frá árinu 2012. Botnfiskafli þeirra var rúm 233 þúsund tonn sem er um 40% alls botnfiskafla og hlutur þorskafla var þar af rúm 80 þúsund tonn sem er 51,4% heildarporskaflans. Flatfiskafli togara var tæp 15 þúsund tonn eða 58,2% flatfiskaflans, sem var tæplega 90,5% grálúða. Togarar veiddu tæplega 250 þúsund tonn af uppsjávarafla eða 28,8% af öllum uppsjávarfiski og 29,3% af skel- og krabbadýraflanum.

Heildaraflí smábáta var  
rúmlega 90 þúsund tonn

Kvótaflokkar smábáta voru þrenns konar á fiskveiðíárunum 2012 og 2013. Það voru smábátar með aflamark, krókaflamarksbátar og strandveiðibátar, en síðast-nefndi flokkurinn telst hvorki til aflamarks né krókaflamarks. Samanlagður aflí báta í þessum flokkum var rúmlega 90 þúsund tonn eða 6,6% heildaraflans. Þar af voru rúmlega 84 þúsund tonn botnfishsafli og nam þorskaflí þeirra rúmum 54 þúsund tonnum sem nemur 22,9% heildarporskaflans.

*Krókaflamarksbátar með 41 þúsund tonn af þorski*

Afli krókaflamarksbáta nam rúmum 70 þúsund tonnum og var 59% þess afla þorskur eða rúmlega 41 þúsund tonn sem er 17,5% af heildarafla þorsks. Ýsuaflí þessara báta var rúm 12,5 þúsund tonn eða 27,6% ýsuaflans. Heildaraflí smábáta með aflamark var rúm 11,5 þúsund tonn á árinu 2013 og hlutur strandveiða voru rúmlega 8,6 þúsund tonn. Frekari tölur um skiptingu aflans eftir kvótaflokkum er að finna í töflu 8 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofu Íslands.

## Aflaverðmæti eftir tegund löndunar

*Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu um 46,7% af aflaverðmæti*

Árið 2013 nam verðmæti þess afla sem seldur var í beinni sölu útgerðar til vinnslustöðva tæpum 71,3 milljörðum króna, sem er um 46,7% af heildaraflaverðmæti. Verðmæti sjófrystra afurða var um 55 milljarðar eða 36% af aflaverðmæti. Verðmæti fisks sem fluttur var óunninn út í gánum voru tæpir 4,7 milljarðar. Aflaverðmæti fisks sem keyptur var á markaði til vinnslu innanlands var 20,7 milljarðar króna eða um 13,6% heildaraflaverðmætis. Verðmæti afla sem landað var beint erlendis til bræðslu nam tæpum 318 milljónum króna. Nánari tölur um aflaverðmæti ársins 2013 eftir tegund löndunar er að finna í töflum 9 til 11 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofunnar.

## Staðsetning löndunar – hvar var fiskinum landað?

*Mestu landað á Austfjörðum en minnstu á Vestfjörðum*

Af þeim tæplega 1.363 þúsund tonnum sem landað var af íslenskum skipum árið 2013 var mestu landað á Austurlandi eða tæpum 579 þúsund tonnum, en það er 42,5% heildaraflans. Næst mestu var landað á Suðurlandi, 223 þúsund tonnum eða 16,4% af heildarafla. Minnstum afla var landað á Vestfjörðum, tæpum 63 þúsund tonnum sem eru um 4,6% heildaraflans.

*Porsk- og ýsuaflí skiptust nokkuð jafnt á milli landshluta*

Stærstum hluta botnfisks var landað á höfuðborgarsvæðinu, rúmum 100 þúsund tonnum, eða 22% botnfiskaflans. Þar var landað mest af karfa, rúmlega 31 þúsund tonnum, af þorski rúmum 26 þúsund tonnum, ufsa tæpum 22 þúsund tonnum og af löngu rúmum 10 þúsund tonnum. Rúm 35 þúsund tonn af þorskafla fóru til Vestfjarða og álíka mikið til Norðurlands eystra. Svipað magn af þorski, tæp 27 tonn fóru til höfuðborgarsvæðisins, Suðurnesja og Vesturlands. Rúmum 32 þúsund tonnum var landað á Norðurlandi vestra, 35,6 þúsund tonn til Austurlands og tæp 18 þúsund tonn til Suðurlands. Ýsuaflinn skiptist einnig tiltölulega jafnt milli landssvæða en þó var mest af honum landað á Vestfjörðum, 7,4 þúsund tonnum.

*Um 30% flatfisks landað á höfuðborgarsvæðinu*

Á höfuðborgarsvæðið barst einna mest af flatfiski á land á árinu 2013 eða rúm 7 þúsund tonn sem er 29,9% flatfiskaflans. Uppistaða flatfiskaflans var að mestu grálúða, sem nam rúmlega 6 þúsund tonnum á höfuðborgarsvæðinu.

*Yfir 60% uppsjávaraflans var landað á Austurlandi*

Um 60,3% af heildarafla uppsjávarfisks var landað á Austurlandi og nam aflinn rúmum 524 þúsund tonnum. Af þeim afla var loðna um 258 þúsund tonn. Næst mestu var landað af uppsjávarfiski á Suðurlandi, 174 þúsund tonnum, þar af var loðna rúmlega 102 þúsund tonn. Magn landaðs makrílafla var rúm 71 þúsund tonn á Austurlandi og rúm 34 þúsund tonn á Suðurlandi.

*Mestu landað af rækju á Norðurlandi vestra og humri á Suðurlandi*

Á Norðurlandi vestra var rúmlega 3,6 þúsund tonnum af rækju landað á árinu 2013 sem eru 33,9% af heildarafla rækju. Sem fyrr er humaraflinn mestur á Suðurlandi en þar var landað tæpum 1,2 þúsund tonnum sem er 67,5% humaraflans. Nær

engum afla var landað af kúfiski á árinu 2013. Nánari tölur um skiptingu aflans eftir staðsetningu löndunar er að finna í töflu 15 og í [veftöflum](#) á vef Hagstofunnar.

## **Verkunarsvæði – hvar var aflinn unninn?**<sup>1</sup>

### *Austurland í fyrsta sæti í magni*

Samkvæmt ráðstöfunarskýrslum fiskverkenda var unnið úr mestu magni fisks á Austurlandi, rúmlega 490 þúsund tonnum sem er 36% heildaraflans. Því næst kemur Suðurland með rúm 228 þúsund tonn eða 16,8% heildaraflans. Minnst var verkað af fiski á Vestfjörðum, rúm 40 þúsund tonn.

### *Höfuðborgarsvæðið stærst í botnfiski en mest af þorski verkað á Suðurnesjum*

Botnfiskaflinn var að mestu unninn á höfuðborgarsvæðinu eða tæp 134 þúsund tonn og eru það 29,4% botnfiskaflans en næst á eftir koma Suðurnes með rúmlega 88 þúsund tonn. Stærstur hluti þorskaflans fór til vinnslu á Suðurnesjum, tæp 48 þúsund tonn eða 20,4% þorskaflans, en tæp 40 þúsund tonn fóru til Norðurlands eystra. Um 36,4% ýsaflans voru unnin á höfuðborgarsvæðinu, eða tæp 16,6 þúsund tonn. Stærsti hluti ufsaaflans fór einnig til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu, rúm 23 þúsund tonn eða 40,4% þess afla, og tæplega 50% karfaaflans var einnig unnin þar eða tæp 30 þúsund tonn.

### *Suðurnes og höfuðborgarsvæðið stærst í flatfiski*

Á Suðurnesjum var unnið úr rúmlega 30% flatfiskaflans, en um 36% á höfuðborgarsvæðinu. Þar af voru rúm 6 þúsund tonn af grálúðu á höfuðborgarsvæðinu og 2,6 þúsund tonn á Suðurnesjum. Norðurland eystra tók á móti 2,2 þúsund tonnum af grálúðu til vinnslu. Afli skarkola var tæp 6 þúsund tonn og var að mestu unnin á Suðurnesjum (50,9%) og á höfuðborgarsvæðinu (34%).

### *Austurland stærst í uppsjávartegundum*

Um 53,5% uppsjávaraflans var unnin á Austurlandi, þar var 55,2% loðnuafans unnin eða 245 þúsund tonn. Einig voru 78,8% kolmunna og 34,7% af makrílafla unnið á Austurlandi.

### *Mest unnið úr skel- og krabbadýrafla á norðvesturlandi*

Á Norðurlandi vestra var unnið úr tæpum 3,6 þúsund tonnum af skelfiski og krabbadýrum sem er um 28% þess afla. Var þar eingöngu um vinnslu á rækju að ræða. Mestur humar var tekin til vinnslu á Suðurlandi eða rúm 1.200 tonn, eða tæplega 70% humaraflans. Nánari tölur um skiptingu aflans eftir staðsetningu löndunar er að finna í [veftöflum](#) á vef Hagstofunnar.

## **Aflaverðmæti eftir staðsetningu aflakaupenda**

### *Mest aflaverðmæti voru keypt á Austurlandi*

Aflaverðmæti 2013 var 152,3 milljarðar króna og voru það aflakaupendur á Austurlandi sem keyptu 24,2% af heildaraflaverðmætinu og munar þar mestu um tæplega 26 milljarða króna af uppsjávarafla og rúma 10 milljarða króna af botnfiskafla. Með aflakaupanda er hér átt við móttökuaðila aflans, hvort heldur sem hann t.d. kaupir aflann á markaði eða gerir út skip sem landar aflanum til aðilans sjálfs án þess að hann fari á markað. Ekki er tekið tillit til viðskipta milli vinnslustöðva. Á höfuðborgarsvæðinu voru aflakaupendur með 18,5% aflaverðmætis eða 28,3 milljónir króna, mestmegnis í botnfiskafla. Önnur landssvæði voru með álka hlutfall aflakaupenda rétt undir 10% utan kaupenda á Suðurlandi sem keyptu 12% aflaverðmæta, fyrir rúmar 18,3 milljónir króna. Nánari tölur um staðsetningu aflakaupenda er að finna í töflu 16 og í [veftöflum](#).

<sup>1</sup> Þar með talinn afli vinnsluskipa sem gerð eru út frá svæðinu.

## Tegund vinnslu

*Priðjungur heildaraflans fór í bræðslu*

Tæplega 36% þess afla sem íslensk skip lönduðu árið 2013 var ráðstafað til bræðslu eða rúm 489 þúsund tonn. Í landfrestingu fóru 407 þúsund eða 29,9% aflans og 21,2% voru fryst um borð eða um 288 þúsund tonn. Af botnfiskaflanum voru 153,5 þúsund tonn fryst í landi sem eru 33,8% botnfisks og 28,2% voru fryst um borð eða rúm 128 þúsund tonn.

*Af þorski var meira fryst í landi en sjófryst*

Af þorskaflanum var mest fryst í landi, tæp 92 þúsund tonn eða 38,9% aflans. Um 20,8% aflans fór í salt, sem gera tæplega 49 þúsund tonn og 37 þúsund eða 15,9% voru sjófryst.

*39% ýsuaflans var frystur í landi*

Tæplega 39% ýsuaflans var frystur í landi eða tæp 18 þúsund tonn. Um 10,6 þúsund tonn voru ísuð í flug, sem er um 23,4% ýsuaflans, en 19,7% aflans var sjófrystur eða tæp 9 þúsund tonn.

*Meira en helmingur karfaaflans sjófrystur*

Karfaaflinn árið 2013 var að stærstum hluta sjófrystur, tæp 36 þúsund tonn eða 59,1%. Í landfrestingu fóru rúm 11 þúsund tonn eða 19% aflans og rúm 8 þúsund tonn voru send utan í gánum sem gera 13,6%. Nánari tölur um skiptingu aflans eftir tegund vinnslu er að finna í [veftöflum](#).


## Aukaafurðir

*58 þúsund tonn af aukaafurðum*

Á árinu 2013 voru aukaafurðir sjávarútvegsins rúmlega 58 þúsund tonn. Hér er átt við þyngd afurðanna en ekki kíló af fiski upp úr sjó. Mest féll til af afskurði eða um 33 þúsund tonn, rúm 13 þúsund tonn af lifur voru hirt og yfir 4 þúsund tonn af hrognum. Meðal fleiri aukaafurða má nefna að rúm 6 þúsund tonn af hausum voru nýtt og unnin 810 tonn af mjöli. Stærsti hluti þessara afurða fellur til vegna bræðslu eða tæplega 34 þúsund tonn, af því taldist afskurður vera tæp 29 þúsund tonn. Einnig bárust tæp 10 þúsund tonn af aukaafurðum á land af frystiskipum, þar af voru fiskhausar rúm 6 þúsund tonn og afskurður var um 3 þúsund tonn.

**Mynd 20. Verðmæti aukaafurða 2000–2013**

*Figure 20. Value of by-products 2000–2013*



*Verðmæti aukaafurða riflega tvöfaldast frá árinu 2008*

Verðmæti þeirra aukaafurða sem færð voru í land á árinu 2013 nam tæpum 5 milljörðum króna, sem er aukning um 10,1% frá árinu áður. Mikil verðmætaaukning

hefur orðið á aukaafurðum á undanförnum árum og hefur hún riflega tvöfaldast frá árinu 2008. Verðmætasta einstaka aukaafurðin voru grálúðuhausar sem námu alls 1220 milljónum króna og þar næst kom þorskslifur að verðmæti 749 milljónum króna. Verðmæti aukaafurða telst ekki með inni í heildaraflaverðmæti. Nánari tölur um aukaafurðir fiskvinnslu ársins 2013 er að finna í töflu 19 og í [veftöflum](#).

### Magn útfluttra sjávarafurða

*Aukning um 5% í útflutningsmagni milli ára*

Útflutningur sjávarafurða jókst á milli áranna 2012 og 2013 um 5% eða rúm 37 þúsund tonn. Árið 2013 voru flutt út 785 þúsund tonn samanborið við tær 749 þúsund tonn árið áður.


Tær 255 þúsund tonn voru flutt út af botnfiskafurðum, þar af námu þorskafurðir 121 þúsund tonnum en voru árið áður 101 þúsund tonn. Útfluttar afurðir flatfisktegunda námu rúmum 20 þúsund tonnum árið 2013 samanborið við 17 þúsund tonn árið 2012. Afurðir grálúðu vega þyngst í flatfiskafurðum og nam hlutur hennar tæpum 14 þúsund tonnum en var rúm 11 þúsund tonn árið áður.

Hlutur uppsjávartegunda var 55,2% af heildarútflutningi sjávarafurða og nam rúmum 433 þúsund tonnum, sem er um 2 þúsund tonnum meira en árið áður. Loðnuafurðir skipuðu stærstan sess í útflutningi uppsjávarafurða líkt og árið áður, en þær voru um 182 þúsund tonn, sem er um 5 þúsund tonna aukning frá árinu áður. Aukning var í útflutningi síldarafurða á milli áranna 2012 og 2013. Samtals voru flutt út tær 117 þúsund tonn af síldarafurðum árið 2013 samanborið við 115 þúsund tonn árið áður. Tær 113 þúsund tonn voru flutt út af makrílaufurðum, sem er aukning um 6% frá 2012. Tölувert magn af fiskimjöli er ekki tegundaskipt í útflutningsskýrslum og flokkast því utan aflategunda. Að sama skapi ber að skoða tölur um útflutning á mjöli einstakra tegunda með fyrirvara þar sem blöndun afurða á sér stað í vinnsluferli þeirra.

Útflutningur skel- og krabbadýra nam tæplega 11 þúsund tonnum, sem er um 2 þúsund tonna samdráttur frá árinu 2012. Stærsti hluti þess útflutnings voru rúmlega 9 þúsund tonn af rækju.

#### Mynd 21. Magn útfluttra sjávarafurða 1997–2013

Figure 21. Quantity of exported marine products 1997–2013




## Verðmæti útfluttra sjávarafurða

*Verðmæti jókst um 1,4%*

Útflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2013 nam tæpum 272 milljörðum króna og er það aukning um 3 milljarða, eða um 1,4%, frá fyrra ári. Hlutur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings landsins jókst á árinu, var 43,3% samanborið við 42,43% árið 2012.

### Mynd 22. Verðmæti útfluttra sjávarafurða 1997–2013

*Figure 22. Value of exported marine products 1997–2013*




*Botnfiskafurðir eru tæp 57% af verðmæti sjávarafurða*

Afurðir botnfisks námu 56,9% af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða sjávarafurða, samtals 155 milljarðar króna og jókst verðmæti botnfisks um 2 milljarða milli ára. Hlutur þorskafurða er stærstur, en útflutningsverðmæti þeirra nam tæpum 87,6 milljörðum og jókst um 5,5% milli ára. Útflutningsverðmæti ýsufurða nam tæpum 16 milljörðum á árinu 2013 og dróst saman um 3,2% milli ára. Sunduliðun á útflutningsverðmæti eftir fisktegundum má sjá í [veftöflum](#).

### Mynd 23. Hlutur sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings 2001–2013

*Figure 23. The share of exported marine products of total value of exported goods 2001–2013*



Útflutningsverðmæti flatfisktegunda var 13,7 milljarðar á árinu 2013 en 12,8 milljárðar króna árið áður. Grálúðan var verðmætust flatfisktegunda og nam útflutningsverðmæti hennar 10,2 milljörðum króna árið 2013 á móti 9,4 milljörðum króna árið 2012.

#### *Útflutningsverðmæti loðnuafurða jókst um 13,7%*

Hlutur uppsjávartegunda af útflutningsverðmæti sjávarafurða var 30,1%, eða 82 milljarðar króna og jókst um 5% frá árinu 2012. Af einstökum tegundum var útflutningsverðmæti loðnuafurða hæst og nam rúnum 33,8 milljörðum sem er 13,7% aukning frá fyrra ári. Verðmæti síldarafurða drógst saman um 8,1% eða um 2 milljarða frá árinu 2012 og nam rúnum 23 milljörðum króna árið 2013. Útflutningsverðmæti makrílaufuðrða var 21,3 milljarðar króna, sem er lækkun frá fyrra ári um 9%.


Útflutningsverðmæti afurða skel- og krabbadýra nam 12 milljörðum króna og dróst saman um 15% frá árinu 2012. Verðmæti rækjuafurða námu 9,4 milljörðum króna árið 2013 sem er tæpum 15% minna en árið 2012.

#### *Hlutfall fyrstra afurða meira en helmingur alls útflutningsverðmætis*

Af einstökum afurðaflokkum skilaði frysting tæplega 52,3% alls útflutningsverðmætis eða 131 milljarði króna sem er um 10 milljarða króna lækkun frá árinu 2012. Útflutningsverðmæti ísaðra fiskafurða jókst um 11,5% og nam um 49 milljörðum króna. Verðmæti saltaðra afurða var rúmlega 27,6 milljarðar króna. Hlutfall ísaðra afurða af útflutningsverðmæti var 19,5% en hlutur saltaðra afurða nam 11%. Útflutningsverðmæti mjöls og lýsis nam 17,1% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og útflutningstekjur voru rúmar 43 milljarðar króna en 36,9 milljarðar árið 2012.

#### **Mynd 24. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir afurðaflokkum 1997–2013**

*Figure 24. Percentage share of the value of exported marine products by product categories 1997–2013*



#### **Útflutningsframleiðsla sjávarafurða**

##### *Aukning í verðmæti útflutningsframleiðslu mælt á föstu verði um 6%*


Útflutningsframleiðsla sjávarafurða, sem er samtala útflutnings og birgðabreytinga sjávarafurða, jókst um 2,2% frá árinu 2012. Framleitt magn nam tæpum 786 þúsund tonnum árið 2013 en var tæpar 767 þúsund tonn árið 2012. Sé útflutningsframleiðslan hins vegar metin á föstu verði miðað við verðvísitölu sjávarafurða

nemur aukningin 6%. Til útflutningsframleiðslu sjávarafurða teljast hvorki afurðir fiskeldis né niðurlagðar sjávarafurðir.


*Verðmæti útflutningsframleiðslu  
265 milljarðar króna*

Heildarverðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu 2013 nam tæplega 265 milljörðum króna en framleiðsla ársins 2012 nam tæpum 277 milljörðum, sem þýðir 4,3% samdráttur í verðmætum.

**Mynd 25. Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða 2012 og 2013**  
*Figure 25. Value of export production of marine products 2012 and 2013*



**Mynd 26. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2012 og 2013**  
*Figure 26. Export production of marine products 2012 and 2013*



Af einstökum afurðum jókst framleiðsluverðmæti ísaðra fiskflaka um 42% en aukning í magni var 45%. Verðmæti mjöls jókst um 7% en samdráttur var í magni um 6%. Frystur fiskur jókst um 3% í magni, úr tæpum 415 þúsund tonnum í rúm 426 þúsund tonn árið 2013, á meðan framleiðsluverðmæti frosinna fiskafurða dróst saman um 2%, þá varð 65% samdráttur í verðmæti á frystum skelfiskafurðum. Frekari tölur um útflutningsverðmæti sjávarafurða er að finna í [veftöflum](#).


## Skipting útflutnings eftir markaðssvæðum og ríkjum

*Útflutningsverðmæti til EES jókst um 3,1% milli ára*

Evrópska efnahagssvæðið (EES) er mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2013 voru fluttar út þangað afurðir að verðmæti 218 milljarða króna sem er 80% af útflutningsvirði sjávarafurða. Verðmæti útfluttra sjávarafurða til EES-landa jókst um 6,7 milljarða króna eða 3,1% milli ára. Útflutningur til Asíu nam 22,3 milljörðum króna eða um 8,2% af heildarútflutningsvirði sjávarafurða og dróst saman um 5,7% milli ára. Útflutningur til Afríku nam 12,4 milljörðum árið 2013, sem er 4,6% hlutdeild og útflutningur til N-Ameríku jókst um 15,6% á milli ára. Bretland er mikilvægasta viðskiptalandið. Fluttar voru út vörur þangað fyrir 44,3 milljarða króna eða sem nemur 16,3% af útflutningsverðmæti 2013.

**Mynd 27. Hlutfallsleg skipting útfluttra sjávarafurða eftir markaðssvæðum 2002–2013**

*Figure 27. Percentage share of the value of exported marine products by market areas 2002–2013*



### English summary

The total catch of Icelandic fishing vessels in 2013 was 1363 thousand tonnes which is 86 thousand tonnes less than in 2012. The value of the catch amounted to 153 billion ISK and decreased by 4.1% from previous year, 2.2% increase at constant prices. The largest part of the catch was processed in the eastern part of the country, mainly pelagic fish. The highest regional share of the demersal catch, almost quarter of the quantity, was processed in the capital area, mainly in Reykjavík. The main processing method for cod was freezing in land-based factories. Total value of by-products amounted to 5 billion in 2013. Value of by-products is not included in the total value of catch.

Europe is the most important market area for Icelandic marine products and in 2013 the export value for this category of products to Europe amounted to 80% of the export value.

The data published in the tables are based on weight and processing reports, collected from fish buyers by the Icelandic Directorate of Fisheries. Data on exports comes from the Icelandic Directorate of Customs.

**Tafla 7. Afl og aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa 2012–2013**

Table 7. Catch and catch value of Icelandic vessels 2012–2013

	Tonn	Tonnes	Pús. kr.	Thous. ISK
	2012	2013	2012	2013
<b>Heildarafli Total catch</b>	<b>1.448.548</b>	<b>1.362.790</b>	<b>159.272.501</b>	<b>152.751.748</b>
<b>Botnfiskafli Demersal catch</b>	<b>419.096</b>	<b>453.936</b>	<b>97.718.203</b>	<b>93.103.993</b>
Þorskur Cod	204.645	236.051	49.506.202	47.340.790
Ýsa Haddock	47.676	45.471	12.212.171	12.097.020
Ufsi Saithe	50.985	57.416	9.447.990	9.804.793
Karfi Redfish	55.419	60.373	14.536.399	13.876.268
Úthafskarfi Oceanic redfish	5.940	8.617	1.978.998	2.136.591
Steinbútur Catfish	10.185	8.961	2.441.711	1.981.319
Hlíyri Spotted catfish	1.976	2.626	543.078	681.517
Langa Ling	10.713	10.163	1.612.283	1.553.667
Blálanga Blue ling	4.118	2.768	610.599	387.498
Keila Tusk	6.342	4.959	779.400	564.530
Langhali Grenadier	81	86	9.635	8.945
Tindaskata Starry ray	1.862	1.739	59.535	62.125
Skötuselur Monk	2.650	1.500	1.290.933	793.812
Skata Skate	127	128	15.498	13.100
Lýsa Whiting	1.468	987	188.729	101.965
Gulllax Silver smelt	9.376	7.332	1.186.940	822.517
Háfur Spiny dogfish	44	6	5.704	594
Hákarl Greenland shark	17	6	127	26
Annar botnfiskur Other demersal	5.472	4.748	1.292.270	876.914
<b>Flatfiskafli Flatfish catch</b>	<b>24.062</b>	<b>25.236</b>	<b>10.586.570</b>	<b>9.840.522</b>
Lúða Halibut	35	40	26.215	30.174
Grálúða Greenland halibut	13.762	14.998	8.395.830	7.795.913
Skarkoli Plaice	5.930	5.979	1.174.164	1.084.224
Þykvalúra Lemon sole	1.614	1.765	646.401	643.739
Langlúra Witch	1.313	1.162	227.224	178.692
Stórkjafta Megrim	409	375	43.985	41.452
Sandkoli Dab	859	708	63.949	50.692
Skrápflúra American plaice	140	208	8.653	15.460
Annar flatfiskur Other flatfish	0	0	148	176
<b>Uppsjávarafli Pelagic catch</b>	<b>991.016</b>	<b>869.343</b>	<b>46.750.427</b>	<b>45.338.706</b>
Síld Herring	77.079	65.407	5.002.487	4.129.236
Norsk-íslensk síld Norwegian spring-spawning herring	115.181	92.039	9.583.018	6.418.404
Loðna Capelin	568.759	442.780	13.531.560	15.635.292
Loðnuhogrn Capelin roe	14.042	8.243	1.472.382	723.134
Kolmunni Blue whiting	63.995	107.053	2.714.990	3.028.776
Makrill Mackerel	151.943	153.815	14.432.649	15.402.745
Annar uppsjávarfiskur Other pelagics	17	5	13.341	1.120
<b>Skel- og krabbadyraafli Shellfish catch</b>	<b>14.374</b>	<b>14.275</b>	<b>4.217.300</b>	<b>4.468.496</b>
Humar Lobster	1.914	1.724	1.027.888	808.406
Rækja Shrimp	10.522	10.857	3.045.536	3.570.270
Kúfiskur Iceland cyprine	16	20	612	124
Önnur skel- og krabbadýr Other shellfish	1.922	1.675	143.265	89.696
<b>Annar afli Miscellaneous catch</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>31</b>

**Tafla 8. Afl og verðmæti afla eftir kvótaflokum skipa og heimahöfnum þeirra 2013**  
**Table 8. Catch and catch value by quota class of fishing vessel and home port of vessel 2013**

Afl i tonnum Verðmæti í þús. kr.	Catch in tonnes Value in thous. ISK	Samtals Total	Togarar Trawlers	Vessels with catch quota	Smárbátar Skip með aflamark aflamark	aflamarks- bátar Hook and line boats with catch quota	Króka- Strand- veiði Costal- fisheries	Skip utan flokkja Other
<b>Landið allt Whole country</b>								
Aflí <i>Catch</i>	1.362.790	502.269	768.972	11.574	70.137	8.670	1.168	
Verðmæti <i>Value</i>	152.751.748	73.082.186	58.667.943	2.435.131	16.164.705	2.134.816	266.968	
<b>Höfuðborgarsvæði Capital region</b>								
Aflí <i>Catch</i>	137.326	122.371	13.495	157	979	187	137	
Verðmæti <i>Value</i>	28.307.542	25.704.382	2.284.895	30.691	220.992	42.620	23.963	
<b>Suðurnes Southwest</b>								
Aflí <i>Catch</i>	85.428	39.001	36.203	882	8.619	723	0	
Verðmæti <i>Value</i>	13.960.787	6.208.678	5.521.295	200.525	1.875.841	154.447	0	
<b>Vesturland West</b>								
Aflí <i>Catch</i>	82.205	11.190	53.927	5.104	10.523	1.420	41	
Verðmæti <i>Value</i>	12.124.331	1.007.928	7.260.225	1.046.957	2.453.011	348.657	7.553	
<b>Vestfirðir Westfjords</b>								
Aflí <i>Catch</i>	62.602	18.948	19.592	1.289	20.220	2.324	231	
Verðmæti <i>Value</i>	14.106.641	4.437.094	3.918.246	259.134	4.834.205	600.146	57.815	
<b>Norðurland vestra Northwest</b>								
Aflí <i>Catch</i>	63.514	41.955	12.626	551	7.269	958	156	
Verðmæti <i>Value</i>	14.422.312	9.386.140	2.622.551	128.302	1.988.512	239.008	57.799	
<b>Norðurland eystra Northeast</b>								
Aflí <i>Catch</i>	118.914	73.780	34.531	1.899	7.129	1.039	537	
Verðmæti <i>Value</i>	13.879.971	7.650.444	4.008.140	397.474	1.486.763	229.243	107.906	
<b>Austurland East</b>								
Aflí <i>Catch</i>	578.956	101.319	460.218	1.385	14.152	1.845	37	
Verðmæti <i>Value</i>	36.988.107	9.395.595	23.757.322	299.387	3.041.327	486.973	7.503	
<b>Suðurland South</b>								
Aflí <i>Catch</i>	223.342	85.075	136.513	308	1.245	175	26	
Verðmæti <i>Value</i>	18.354.413	8.757.727	9.223.604	72.661	264.052	33.724	2.647	

**Heimild** Source: Vigtarskýrslur. Weight reports.

**Tafla 9. Afl og verðmæti afla eftir tegund löndunar og heimahöfn skipa 2013**  
**Table 9. Catch and catch value by type of landing and home port of vessel 2013**

	Landið allt <i>Whole country</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>
<b>Heildaraflí í tonnum Total catch in tonnes</b>	<b>1.362.790</b>	<b>137.326</b>
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	958.964	23.851
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	14.303	403
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	7.591	..
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	293.101	108.796
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	85.190	4.069
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	16	..
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	690	0
Selt úr skipi erlendis <i>Fresh fish sold from vessel abroad</i>		
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>		
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	2.933	207
<b>Heildarverðmæti, þús. kr. Value, thousand ISK</b>	<b>152.751.748</b>	<b>28.307.542</b>
Til vinnslu innanlands <i>For domestic processing</i>	71.262.757	3.824.752
Í gáma til útflutnings <i>For export in containers</i>	4.669.419	135.880
Landað erlendis til bræðslu <i>Landed abroad for fishmeal and oil production</i>	317.701	..
Sjófryst <i>Frozen at sea</i>	55.004.632	23.387.120
Á markað, til vinnslu innanlands <i>To auction market, for domestic processing</i>	20.701.373	931.478
Á markað, í gáma til útflutnings <i>To auction market, for export in containers</i>	4.229	..
Sjófryst til endurvinnslu innanlands <i>Frozen at sea for domestic re-processing</i>	190.399	5
Selt úr skipi erlendis <i>Fresh fish sold from vessel abroad</i>		
Fiskeldi <i>Farmed fish</i>		
Aðrar löndurnartegundir <i>Other types of landings</i>	601.238	28.307

Suðurnes <i>Southwest</i>	Vesturland <i>West</i>	Vestfirðir <i>Westfjords</i>	Norðurland vestra <i>Northwest</i>	Norðurland eystra <i>Northeast</i>	Austurland <i>East</i>	Suðurland <i>South</i>
<b>85.428</b>	<b>82.205</b>	<b>62.602</b>	<b>63.514</b>	<b>118.914</b>	<b>578.956</b>	<b>223.342</b>
54.106	53.856	42.380	24.219	90.396	485.146	185.007
..	1.571	35	..	56	1.682	10.546
..	..	..	..	..	..	..
19.671	5.880	5.526	31.529	21.343	81.412	16.046
11.293	20.124	13.682	7.541	6.494	10.530	11.456
..	7	..	3	4	3	..
..	..	289	..	400	..	..
358	767	690	222	221	182	287
<b>13.960.787</b>	<b>12.124.331</b>	<b>14.106.641</b>	<b>14.422.312</b>	<b>13.879.971</b>	<b>36.988.107</b>	<b>18.354.413</b>
6.636.818	5.543.922	8.210.059	4.824.878	8.209.818	23.577.437	10.433.291
..	553.224	12.370	..	18.353	613.499	3.331.009
..	..	..	..	..	..	..
4.732.671	714.973	2.133.102	7.559.967	3.903.131	10.167.413	2.123.178
2.513.243	5.132.644	3.517.070	1.987.455	1.612.190	2.590.841	2.416.452
..	1.802	..	758	1.005	664	..
..	..	98.466	..	91.928	..	..
78.055	177.766	135.574	49.254	43.546	38.254	50.483

**Tafla 10. Aflir eftir tegund löndunar og fisktegundum 2013**

Table 10. Catch by type of landing and species 2013

Tonn Tonnes	Samtals Total	Til vinnslu innanlands For domestic processing	Í gáma til útflutnings For export in containers	Landað erlendis til bræðslu Landed abroad for fishmeal and oil production
<b>Heildarafli Total catch</b>	<b>1.362.790</b>	<b>958.964</b>	<b>14.303</b>	<b>7.591</b>
<b>Botnfiskafli Demersal catch</b>	<b>453.936</b>	<b>228.858</b>	<b>13.340</b>	<b>322</b>
Porskur Cod	236.051	155.660	3.265	285
Ýsa Haddock	45.471	16.563	2.704	35
Ufsi Saithe	57.416	19.923	113	2
Karfi Redfish	60.373	13.631	5.806	-
Úthafskarfi Oceanic redfish	8.617	0	0	-
Steinbítur Catfish	8.961	4.171	374	-
Hlýri Spotted catfish	2.626	380	25	-
Langa Ling	10.163	6.262	305	-
Blálanga Blue ling	2.768	1.353	312	-
Keila Tusk	4.959	3.556	7	-
Langhali Grenadier	86	0	26	-
Tindaskata Starry ray	1.739	1.461	0	-
Skötuselur Monk	1.500	560	184	-
Skata Skate	128	16	6	-
Lýsa Whiting	987	363	154	-
Gulllax Silver smelt	7.332	740	0	-
Háfur Spiny dogfish	6	1	2	-
Hákarl Greenland shark	6	1	0	-
Annar botnfiskur Other demersal	4.748	4.215	57	-
<b>Flatfiskafli Flatfish catch</b>	<b>25.236</b>	<b>5.512</b>	<b>963</b>	<b>-</b>
Lúða Halibut	40	4	1	-
Grálúða Greenland halibut	14.998	763	12	-
Skarkoli Plaice	5.979	2.147	726	-
Þykvalúra Lemon sole	1.765	840	196	-
Langlúra Witch	1.162	866	16	-
Stórkjafta Megrímn	375	228	12	-
Sandkoli Dab	708	595	-	-
Skrápflúra American plaice	208	69	-	-
Annar flatfiskur Other flatfish	0	0	-	-
<b>Uppsjávarafli Pelagic catch</b>	<b>869.343</b>	<b>712.816</b>	<b>-</b>	<b>7.270</b>
Síld Herring	65.407	53.259	-	-
Norsk–íslensk síld Norwegian spring-spawning herring	92.039	59.215	-	-
Loðna Capelin	442.780	417.379	-	-
Loðnuhogn Capelin roe	8.243	8.243	-	-
Kolmunni Blue whiting	107.053	93.486	-	7.270
Makrill Mackerel	153.815	81.227	-	-
Annar uppsjávarfiskur Other pelagics	5	5	-	-
<b>Skel- og krabbadyraafli Shellfish catch</b>	<b>14.275</b>	<b>11.778</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
Humar Lobster	1.724	1.723	-	-
Rækja Shrimp	10.857	8.362	-	-
Kúfiskur Iceland cyprine	20	20	-	-
